

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 86/2022

2022/EES/45/41

frá 18. mars 2022

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1597 frá 3. maí 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB að því er varðar sameiginlega aðferðafræði og lágmarksgæðakröfur vegna samræmdra mælinga á umfangi matarúrgangs⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2000 frá 28. nóvember 2019 um snið fyrir skýrslugjöf um gögn um matarúrgang og fyrir framlagningu skýrslu um gæðakönnun í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB⁽²⁾.
- 3) Ákvæði 5. mgr. og 8. mgr. 9. gr. tilskipunar 2008/98/EB gilda ekki gagnvart Liechtenstein, með skírskotun til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 318/2021 frá 29. október 2021.
- 4) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 32fff (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1004) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„32ffg. **32019 D 1597**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1597 frá 3. maí 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB að því er varðar sameiginlega aðferðafræði og lágmarksgæðakröfur vegna samræmdra mælinga á umfangi matarúrgangs (Stjútíð. ESB L 248, 27.9.2019, bls. 77).

32ffh. **32019 D 2000**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2000 frá 28. nóvember 2019 um snið fyrir skýrslugjöf um gögn um matarúrgang og fyrir framlagningu skýrslu um gæðakönnun í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (Stjútíð. ESB L 310, 2.12.2019, p. 39).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framseldar ákvörðunar (ESB) 2019/1597 og framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/2000, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 318/2021 frá 29. október 2021⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 248, 27.9.2019, bls. 77.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 310, 2.12.2019, bls. 39.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.